



Til sveitarstjórnna á Vesturlandi.

Efni: Skipan almannavarna í umdæmi löggreglustjórans á Vesturlandi

Á fundi samstarfsnefndar löggreglustjóra og sveitarstjóra á Vesturlandi sem haldinn var 14. september sl. kynnti löggreglustjóri stuttlega þá hugmund hvort æskilegt væri að sameina almannavarnanefndir frekar en orðið er í kjölfar þeirra breytinga sem urðu um síðustu áramót á skipan löggæslumála á Vesturlandi.

Sveitarfélög fara með almannavarnir í héraði, í samvinnu við ríkisvaldið, sbr. IV. kafla laga nr. 82/2008.

Í dag eru þrjár almannavarnanefndir í umdæmi löggreglustjóra, ein á Akranesi, önnur fyrir Borgarfjörð og Dali og ein fyrir Snæfellsnes.

Almannavarnanefndir starfa í hverju sveitarfélagi og sveitarstjórnir skipa þær og ákveða fjölda nefndarmanna en löggreglustjóri þess umdæmis sem sveitarfélag er í á sæti í almannavarnanefnd lögum samkvæmt. Auk löggreglustjóra sitja í almannavarnanefndum fulltrúar viðkomandi sveitarstjórn og fulltrúar sveitarstjórn sem í starfi sínu sinna verkefnum í þágu öryggis almennra borgara.

Almannavarnanefndir kjósa sér sjálf formann og varaformann en sveitarstjórnir ráða starfsmenn og greiða kostnað af störfum þeirra.

Sveitarstjórnnum er heimilt að koma á fót sameiginlegum almannavarnanefndum eða semja um gagnkvæma aðstoð milli nefnda en sameining nefnda eða aukið samstarf nefnda er háð samþykki ráðherra.

Hlutverk almannavarnanefnda er að móta stefnu og skipuleggja starf sitt að almannavörnum í héraði í samræmi við ákvæði almannavarnalaga. Segja má að almannavarnir snúist um það skipulag og stjórkerfi sem er virkjað á hættustund. Skipuleggja þarf og gera ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir eða takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni, eða umhverfi eða eignir verði fyrir tjóni, af völdum náttúruhamfara eða af mannavöldum, farsóttu eða hernaðaraðgerða eða af öðrum ástæðum, veita líkn í nauð og veita aðstoð vegna tjóns sem hugsanlega kann að verða eða hefur orðið.

Löggjöf um almannavarnir gerir ráð fyrir víðtæku samstarfi aðila sem hafa það sameiginlega markmið að tryggja öryggi almennings með öflun upplýsinga ásamt vöktun, greiningu og mati á hættu.

Almannavarnanefndir vinna að gerð hættumata og viðbragðsáætlana í samvinnu við ríkislöggreglustjóra. Þá er meðal verkefna almannavarnanefnda að endurskoða hættumöt og framkvæma prófanir á viðbragðsáætlunum í samvinnu við embætti ríkislöggreglustjóra.

Borgarnesi, 09.11.2015

Tilvísun: 201511-0005

Síða: 1/1

[Löggreglan á Vesturlandi](#)

Bjarnarbraut 2
310 Borgarnesi
Kt.: 441114 0360

Simi: 444 0300
vesturland@logreglan.is

www.logreglan.is



Borgarnes, 09.11.2015

Tilvísun: 201511-0005

Síða: 2/2

Stjórn aðgerða í héraði þegar almannavarnaástand ríkir er í höndum löggreglustjóra í viðkomandi lögreglumáðæmi. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands og hlutaðeigandi viðbragðsaðilum sem tengast aðgerðum hverju sinni.

Árið 2011 fór fram áhættuskoðun almannavarna í öllum sveitarfélögum á Vesturlandi. Viðbragðsáætlun vegna hópslysa í umdæmi löggreglustjórans á Snæfellsnesi var gefin út í janúar 2014. Drög að viðbragðsáætlun vegna gróðurelda í Skorradal liggur fyrir. Í lok árs 2013 var gefin út viðbragðsáætlun fyrir Hvalfjarðargöng en viðbragðsaðilar í umdæmi löggreglunnar á Vesturlandi hafa hlutverki að gegna ef virkja þarf áætlunina en löggreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu situr í aðgerðastjórn.

Aðgerðastjórnir starfa í samvinnu við samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna í Reykjavík sem ríkislöggreglustjóri veitir forstöðu.

Hjá löggreglunni á Vesturlandi er hafin vinna við gerð viðbragðsáætlunar vegna hópslysa fyrir umdæmið en horft verður til áætlunar sem gerð var fyrir Snæfellsnes á síðasta ári og vinnu sem hafði farið fram hjá löggreglunni á Akranesi og löggreglunnar í Borgarnesi og Döldum.

Löggreglustjóri veltir því fyrir sér hvort sveitarstjórnir geti séð kosti í því að starfrækja eina almannavarnanefnd hér á Vesturlandi.

Kæmi til greina að skipa málum þannig að sameinuð almannavarnanefnd hefði starfsmann í vinnu í hlutastarfi?

Mætti vænta þess að ein almannavarnanefnd á Vesturlandi væri skilvirkari í sínum störfum?

Löggreglustjóri óskar efir því að sveitarstjórnir taki framangreint til athugunar.

Fljóttlega mun löggreglustjóri funda með almannavarnanefndum til að ræða þessi atriði og fleira sem störfum nefndanna viðkemur.

Virðingarfyllst,

Úlfar Lúðvíksson,
löggreglustjóri á Vesturlandi.

